

**EFTIRLITSSKÝRSLA**  
**Fiskeldi Austfjarða hf. Fiskeldi Austfjörðum**



**Dags eftirlits** 11.7.2012  
**Fyrirtæki** Fiskeldi Austfjarða hf.  
**Heimili** Vörðu  
**Kennitala** 5204120930  
**Fulltrúi fyrirtækis** Kristján Ingimarsson  
**Fulltrúi fyrirtækis**

**Fulltrúi UST** Hákon Hansson  
**Fulltrúi UST**  
**Tegund eftirlits** Reglubundið  
**Flokkur** Fiskeldi  
**ÍSAT nr.**  
**Staðsetning**

### Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit kom fram eitt frávik frá starfsleyfi þar sem eftirlitshafi hefur ekki látið gera vöktunaráætlun sbr. grein. 5.1 í starfsleyfi.

Eftir miðjan júlí 2012 verða einungis 48 þúsund laxaseiði í einni kví í Berufirði.

### Umfang eftirlits

1. Fundað með starfsmönnum um ákvæði starfsleyfis.
2. Farið út að kvíunum, ástand þeirra skoðað og hverjar voru nýttar.

**Frávik frá**  
gr. 5.1 í starfsleyfi

### Lýsing á fráviki

Vöktunaráætlun. Rekstraraðila bar að leggja fram drög að vöktunaráætlun fyrir 31. desember 2011 skv. grein 5.1 í starfsleyfi en þau hafa ekki borist Umhverfisstofnun. Skv upplýsingum leyfishafa við eftirlit er vöktunaráætlun í vinnslu hjá Náttúrustofu Austurlands.

### Athugasemdir

Um 70 lítrar af Formalíni eru um borð í skipinu Stapaey. Hvatt er til að flytja formalínið í land og geyma þar í öruggri geymslu.

Stefnt mun að því að hætta notkun skipsins og hafa alla þjónustu við kvíaeldið úr landi.

### Annað

Starfsleyfi sem gefið var út til HB Granda 6. júní 2011 hefur nú verið flutt yfir á nýtt fyrirtæki, Fiskeldi Austfjörðum ehf kt. 520412-0930. Handhafabreyting átti sér stað þann 19. júní. 2012.

Þegar eftirlit fór fram var þorskur í fjórum kvíum en stefnt var að því að slátra öllum þorski nokkrum dögum síðar. Að því loknu er eingöngu ein kví í notkun, en í þá kví voru sett 48 þúsund laxaseiði í júní sl.

Reykjavík, 14.11.2012

*Hákon Hansson*

Hákon Hansson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á íþágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta